

Rammaáætlun
c/o Orkugarður
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Löngumýri, Skeiðum
2.maí 2010

Athugasemdir vegna rammaáætlunar við virkjanir í neðri hluta Þjórsár

Ég sem íbúi og jarðareigandi í neðri hluta Skeiðahrepps óttast enn leka úr fyrirhuguðum lónum. Undanfarin ár hefur sand- og malarburður minnkað til muna í Þjórsá tekur þá við óþétt og hriplekt Þjórsárhraunið. Páll Einarsson telur verulega hættu á leka enda gerir Landsvirkjun ráð fyrir skurði sem ætlað að taka við lekavatni meðfram varnargarði frá Skeiðháholti að Þjórsárbrú. Ekkert hefur verið hlustað á þessar athugasemdir. Minnsta hækkun á grunnvatnsstöðu ógnar búsetu á neðri hluta Skeiða og í Flóa.

Úr fyrirhuguðum lónum áætlað Lv. að dæla 75 þús. m³ af leir og drullu. Þetta, auk þess að víða mun Þjórsá verða vatnslítill og því munu aurar blása upp með tilheyrandi tjóni og óþægindum.

Þessar fyrirhuguðu virkjanir í neðri hluta Þjórsár munu, að mati ýmissa virtra fræðimanna á þessu sviði, valda e-m auðugustu fiskimiðum landsins óbætanlegu tjóni. Mjög mikilvægum laxastofni í Þjórsá verður einnig stefnt í voða.

Sjónræn áhrif verða veruleg og eru nú þegar allmikil á þessu svæði vegna fyrri virkjana og línulagna þeim tengdum. Varnargarðar, skurðir og uppblásnir sandflákar munu verða fyrirferðarmeiri en nú er og hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og mannlíf allt. Merkar fornminjar munu hverfa undir lón.

Fyrirhugaðar virkjanir eru á virku eldfjallasvæði og þar verða snarpir jarðskjálftar. Líkur á stíflurofi eða annarri hættu, s.s. flóðum vegna goss er því allnokkur og óásættanleg.

Markmið rammaáætlunar er að skapa forsendur fyrir sátt um vernd og nýtingu náttúrugæða. Svo virðist að nærsamfálag árinna og umhverfi sé látið gjalda fyrir ímyndaðar hugmyndir um hagkvæmni virkjana. Í því sambandi virðist hvorki umhverfi né mannlegi og tilfinningalegi þátturinn metinn sem skyldi. Deilur íbúa og ósæmandi vinnubrögð Landsvirkjunar hafa sett mark sitt mjög á Skeið- og Gnúpverjahrepp og sundrað fólki. Vinnubrögð Lv. við samningagerð við landeigendur er með öllu óásættanleg. Þeir líklegustu eru teknir fyrst og greiddar bætur. Margir sem eiga í fjárhagserfiðleikum eiga ekki annarra kosta vöð en sætta sig við umsamið verð. Sífelld hefur því verið haldið fram af hálfu Lv. að samningar séu langt komnir en það stóðst sjaldnast. Þá hefur Lv unnið, og vinnur enn, eins og allar leyfisveitingar hafi verið afgreiddar og hefur því eytt miljörðum í framkvæmdir sem ekki hafa endanlega verið samþykktar. Þetta notar Lv. sem rök fyrir því að það verði ekki aftur snúið. Hér er um þjófstart að ræða sem ástæða er til að fagþópar kynni sér.

Í skýrslu um rammaáætlun vantar álit ýmissa hópa sem málið varðar. Aðkomu almennings og ýmissa félagasamtaka var ábótavant og eins annarra sérfræðinga en þeirra sem í faghópunum voru. Svo virðist sem í skýrslunni sé tekið undir sjónarmið gróðahyggju fyrir hrun fremur en hafa manninn sjálfan og umhverfið að leiðarljósi.

Lítið hefur verið tekið tillit til andmæla íbúa sbr. eldri borgara í Skeið- Gnúp.

Rétt er einnig að vekja athygli á að sem stendur er allmikil umfram raforka s.s. vegna Sultartanga. Tæpt er að hægt sé að halda áfram með Búðarhálsvirkjun vegna fjárskorts. Ýmsar rannsóknir sína að aðrar tegundir virkjana s.s. sjávarfallavirkjanir geti leyst vatnsaflsvirkjanir

af hólmi innan ekki margra ára. Umhverfisáhrif af slíku yrðu smámunir miðað við vatnsaflsvirkjanir þær sem fyrirhugaðar eru í neðri hluta Þjórsár.

Með þessum fyrirhuguðum virkjunum er hætta á náttúruhamförum af mannavöldum auk ómælds álags vegna deilna og ótta við hamfarir sem gætu fylgt í kjölfarið.

Virðingarfyllt
Kjartan H. Ágústsson
Löngumýri Skeið – og Gnúpverjahreppi
Kt.2310553129